

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 2. maí 2019 kl. 9:30, en þetta var 70. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar sat einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (28. mars 2019) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Skjöl fyrir líffærafræðiheftið, himnur miðtaugakerfis (24 færslur) og mæna (33 færslur). Þetta var lokayfirferð en þessi skjöl höfðu áður verið yfirfarin af nefndinni og síðan yfirfarin af Hannesi Petersen.

b) Skjal fyrir líffærafræðiheftið, heili (80 færslur). Þetta var fyrsta yfirferð nefndarinnar og gerðar voru fáeinar breytingar. Skjalið verður síðan sent til Hannesar Petersen til yfirlstrar.

3. Önnur mál

Fyrirspurn barst frá Embætti landlæknis vegna vinnu við lagabreytingu. Málið snýst einkum um þýðingu á orðinu malpractice (ein af mörgum enskum skilgreiningum: „improper, illegal or negligent professional behaviour“). Þetta var rætt stuttlega á fundinum en verður afgreitt síðar eftir rækilega könnun á hugtakinu og mismunandi skilgreiningum sem að baki liggja.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 13. júní 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlstrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30.